

Borgarstjórn Reykjavíkur 1. júní 2021

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um átak til að jafna stöðu barna í tómskundastarfi í ljósi skýrslu UNICEF

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að gera átak í að jafna stöðu barna í íþrótt- og tómskundastarfi með því að beita sértækum aðgerðum, s.s. að boðið verði upp á fjölbreyttari úrræði í tómskundastarfi óháð fjárhag foreldra og að hagsmunir barna verði ávallt hafðir í forgangi við gerð fjárhagsáætlana Reykjavíkurborgar.

Íslensk börn eiga síður kost á að taka þátt í tómskundastarfi en börn í öðrum Evrópulöndum. Þetta er meðal niðurstaðna í nýrri skýrslu UNICEF á Íslandi um efnislegan skort barna en hann mælist sjöundi minnsti í Evrópu. Staðan er verst hvað varðar þátttöku í tómskundum en 17% íslenskra barna mælast með skort á því sviði og Ísland er þar í 19. sæti af 31 Evrópulandi. Börn hafa ekki setið við sama borð lengi þegar kemur að jöfnum tækifærum til tómskunda í Reykjavík. Þetta má sjá í niðurstöðum rannsókna frá 2009, 2014 og 2018.

Frístundakortið sem er sérstaklega ætlað til að auka jöfnuð og fjölbreytileika tómskundastarfs er ekki fullnýtt. Tilgangur þess eins og segir í 2. gr. í reglum um frístundakort er að öll börn, 6-18 ára, í Reykjavík geti tekið þátt í frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Reglur um frístundakort eru þess utan of stífar sem hindrar sum börn í njóta góðs af frístundakortinu.

Greinargerð

Niðurstöður skýrslu UNICEF 2021 eru afgerandi. Það hefur ekki tekist að jafna stöðu barna þegar kemur að íþróttaiðkun og allra síst barna innflytjenda. Samfélagið er að koma út úr kórónuveirufaraldrinum með tilheyrandi efnahagslægd. Þótt nú horfi til betri vegar og líklegt að hagkerfið taki við sér er mikilvægt að horfa til áhrifa efnahagslægða á börn til skemmri og lengri tíma.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur ítrekað lagt til að reglur um frístundakort sem hefur þann sérstaka tilgang að jafna stöðu barna til tómskundaiðkunar verði rýmkaðar til að nýting verði fullnægjandi. Minnst hefur nýting verið í Breiðholti en í hverfi 111 búa hlutfallslega flestir innflytjendur. Nýting er einnig ekki fullnægjandi í tveimur öðrum hverfum. Tillaga Flokks fólksins um að vannýttar fjárhæðir frístundakortsins 2020 vegna COVID færðust yfir á þetta ár var felld í lok árs 2020.

Sérstakt verkefni er í gangi í Breiðholti, *Frístundir í Breiðholti*, sem er þriggja ára tilraunaverkefni til að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótt- og frístundastarfi í Breiðholti. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill í því sambandi minna á að það eru bágstaddir foreldrar og börn í fleiri hverfum í Reykjavík. Nýting í a.m.k. tveimur öðrum hverfum er ekki nógu góð.

Nú liggur fyrir gjaldskrá sumarnámskeiða í Fjölskyldugarðinum. Hálf dags námskeið í 5 daga hækkar í verði og kostar nú 19.400 kr. og 4 daga námskeið kostar 15.500 kr. Í þessi námskeið er ekki hægt að nota frístundakortið. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur lagt það til að opnað verði fyrir að nota frístundakortið á sumarnámskeið og önnur styttri námskeið. Eins og reglurnar eru nú þarf styrkhæf starfsemi að vera við lýði í 8 vikur hið minnsta.

Ef horft er til sögu frístundakortsins þá hefði mátt gera margt betur strax í byrjun, s.s. að auglýsa frístundakortið betur. Kynning á kortinu, t.d. fyrir foreldra af erlendum uppruna, tókst ekki sem skyldi og ekki var nógu gert til að útskýra tilgang og markmið frístundakortsins eða hvetja foreldra til að sækja um. Tungumálaörðugleikar eru vissulega vandamál en þá má yfirstíga með

markvissari hætti við kynningu á frístundakortinu. Dæmi eru um að sumir foreldrar viti ekki að styrkjakerfið nái til annarrar starfsemi en íþróttar.

Niðurstöður nýrrar skýrslu UNICEF á Íslandi um efnislegan skort barna og að íslensk börn eigi þess síður kost að taka þátt í tómstundastarfi en börn í öðrum Evrópulöndum verður að taka alvarlega. Vissulega er staða barna hér á landi góð í alþjóðlegum samanburði. En þegar samfélagið verður fyrir áfalli hvort heldur vegna hruns eða veirufaraldurs þá tapar hópur foreldra og barna. Það ríkir ójöfnuður meðal barna á Íslandi og hefur hann fengið að krauma. Sveiflur í efnahagslífinu hafa víðtæk áhrif á börn eins og hefur verið staðfest af sérfræðingum. Áhrifin eru lúmsk og geta verið lengi að koma fram. Eitt ár í lífi barns er langur tími. Barn hefur ekki mörg ár til að bíða því bernskan verður ekki tafin.

Reykjavíkurborg verður að bregðast við með því að skoða hvaða hópar það eru sem hafa orðið verst úti og sem líða mesta skort öllu jafna. Beina þarf sértækum aðgerðum að börnum sem eru verst sett. Stýrihópur sem nýlega skilaði niðurstöðu sinni um endurskoðun reglna um frístundakort hefði getað liðkað enn meira um reglurnar til þess að gefa fleiri börnum tækifæri á að nýta það. Sem dæmi er vel hægt að hugsa sér námskeið séu styrkhæf svo fremi sem þau eru á vegum Reykjavíkurborgar.

Ennþá er staðan þannig með frístundakortið að bágstöddum foreldrum er bent á að þeir geti nýtt það til að greiða gjald frístundaheimilis. Þar með er úti tækifæri barnsins til að nýta það í tómstundir og íþróttir. Þessa heimild þarf að taka út og í staðinn tryggja foreldrum sem þess þurfa, örugga greiðslu til að greiða gjald frístundaheimilis skv. gr. 16. A í reglum um fjárhagsaðstoð.